

LÖG
um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019
(breytt aldursviðmið).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „18 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 15 ára.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Takmörkun 1. mgr. á ekki við um einstaklinga undir 18 ára aldri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996: Í stað orðanna „18 ára“ í 4. mgr. 13. gr. og 1. málsl. 7. mgr. 14. gr. laganna kemur: 15 ára.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.